

Ed.

773. Breytingartillögur

[319. mál]

við frv. til 1. um kvikmyndamál.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. gr. 1. tl. orðist svo:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskrri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Við 3. gr. Í stað „Félags íslenskra leikara“ komi: Bandalags íslenskra listamanna.
3. Við 7. gr. Síðari mgr. orðist þannig:
Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins en fela skal a. m. k. einum af starfslíði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.
4. Við 8. gr. Síðari mgr. orðist þannig:
Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.
5. Við 10. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:
Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.
7. Á eftir 12. gr. bætist við svofellt **Ákvæði til bráðabirgða:**
Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.